# Starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar Órion

2025



Tanja Ennigarð

# Efnisyfirlit

Leiðarljós ..... 2
Leiðarljós Óríon ..... 2
Hlutverk og föst verkefni ..... 2
Þeir sem nýta sér aðstöðuna í Óríon ..... 2
Helstu verkefni og innra starf ..... 2
Meginverkefni og áhersluatriði næsta árs (2023) ..... 3
Stefnumörkun og stjórnsýsla ..... 3
Fjármál og rekstur ..... 3
Mannauður ..... 3
Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla ..... 3
Fastir viðburðir ..... 3
Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum ..... 4
Innra starf ..... 4
Lykiltölur/mælikvarðar ..... 4
**Félagsmiðstöð Órion** ..... 4
**Opnunartímar** ..... 4
**Mæting** ..... 4
**Ferðir** ..... 4
**Annað starf** ..... 4
**Þriggja  ára áætlun** ..... 5

# Leiðarljós

Ætlunarverk Óríon er að tryggja öryggi og velferð ungmenna og stuðla að öflugu og faglegu starfi félagsmiðstöðvarinnar.

## Leiðarljós Óríon

- Að leitast ávallt við að sýna ungmennum sem sækja Óríon jákvætt viðhorf og mæta þeim á þeirra grundvelli.
- Að starfsmenn vinni saman sem samstilltur hópur að því markmiði að bjóða upp á fjölbreytt og faglegt starf í Óríon.
- Að öll ungmenni Húnaþings vestra upplifi sig velkomin í Óríon óháð t.d. kyni, kynþætti eða fötlun.
- Efla ungmenni í samskiptafærni,sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnandi og skapandi hugsun.

# Hlutverk og föst verkefni

Framtíðarsýn Óríon er stuðla að uppbyggilegu, fjölbreyttu og faglegu starfi fyrir ungt fólk í Húnaþingi vestra ásamt því að bjóða upp á húsnæði sem hægt er að nýta í fjölbreytt starf.

## Þeir sem nýta sér aðstöðuna í Óríon

- Ungmenni á aldrinum 10 -16 ára sem sækja skipulagða dagskrá í Óríon.
- Húnaklúbburinn.
- Rafíþróttir.
- Vinnuskólinn.
- Yoga iðkendur.

Óríon er einnig í útleigu fyrir afmælisveislur og aðra minni viðburði.

# Helstu verkefni og innra starf

- Skapa vettvang fyrir fjölbreytt og skemmtilegt tómstundastarf.
- Gæta þess að unnið sé á grunni unglingalýðræðis og í anda forvarna.
- Starfsmenn taka virkan þátt í því að skipuleggja og móta fjölbreytta dagskrá.
- Stuðningur við frumkvæði barna og unglinga, tryggja öryggi þeirra og vellíðan.
- Starfsmenn sinna vöktum í félagsmiðstöðinni, sértæku hópastarfi, námskeiðum, fræðslu, samvinnu við grunnskóla svo eitthvað sé nefnt.
- Starfsmenn sækja viðburði með börnum og unglingum á vegum félagsmiðstöðvarinnar.
- Starfsmenn sjá um samfélagsmiðla fyrir Óríon, þ.a.m. Facebook og Instagram.
- Almenn þrif í Óríon.

- Markvisst er unnið að því að gera félagsmiðstöðina eftirsótta fyrir unglina og að þeim líði vel í Óríon og upplifi þar öruggt umhverfi.
- Kynna og stuðla að heilbrigðum lífsvenjum og tómstundum fyrir ungmenni.
- Veita ungmennum stuðning og aðstoð ef vandamál koma upp.
- Stuðla að fordómalausri umræðu.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt.

# Meginverkefni og áhersluatriði næsta árs (2025)

## Stefnumörkun og stjórnsýsla

- Starfið skal taka mið af Heilsueflandi samfélagi.
- Efla klúbbastarf t.d. rafíþróttir.
- Samvinna við tengslafulltrúa.
- Samvinna við samfélagsmiðstöð.
- Samvinna við grunnskólann.

## Fjármál og rekstur

- Fjárhagslegt svigrúm í fjárhagsáætlun til að bregðast við óvæntum tilboðum og eða ferðum.
- Aðskilja ræstingar á húsnæðinu frá starfseminni.

## Mannauður

- Stefnt er að því að allt starfsfólk sæki starfsdaga Samfés á hverju ári.
- Samstarfsverkefni gegnum Erasmus+ þar sem utanaðkomandi starfsmenn með ungmennum koma í starfsnám.
- Tveir fastir fundir á vetri með starfsfólki, sviðstjóra fjölskyldusviðs og íþrótta- og tómstundafulltrúa.
- Haldið áfram í Erasmus+ verkefni vegna þjálfunar starfsfólks í 3 ára áætlun.

## Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla

- Gera starfssemi félagsmiðstöðvar aðgengilegri á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Starfsáætlun aðgengileg á heimasíðu á hverju hausti.
- Opnunaráætlun fyrir hverja önn.

## Fastir viðburðir

- NorðurOrg
- SamFestingur
- Hrekkjavökufjör
- Sjúkást

### Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum

- Unnið áfram með starfsfólki skólanna og íþróttamiðstöð að verkefninu jákvæður ægi.
- Samstarf við skóla, USVH og kirkjustarfið um tímasetningar og frí vegna ferða.

### Innra starf

- Kjúklingaráð
  - Valið er í ráðið á hverju hausti.
  - Ráðið samanstendur af fimm unglingum úr 8.-10. bekk.
  - Hlutverk ráðsins er að vera milliliður starfsfólks Óríon og ungmenna.
  - Taka þátt í undirbúningi starfsins og vera til handar fyrir starfsmenn.
  - Vera góðar fyrirmyndir og efla jákvætt viðhorf til starfsins.

# Lykiltölur/mælikvarðar

| Félagsmiðstöð Óríon | 2021 | 2022 | 2023 | Áætlað 2024 |
|---|---|---|---|---|
| Fastráðnir starfsmenn | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Starfsmenn í tímavinnu | 3 | 3 | 3 | 2 |
| Starfsmenn í afleysingum | 2 | 1 | 1 | 1 |
| Stöðugildi | 0,15 | 0,25 | 0,25 | 0,45 |
| Ferðatímar klst. | 0 | 64 | 104 | 48 |
| Aðrir viðburðir klst. | 36 | 26,5 | 24 | 24 |
| Opnunartímar | | | | |
| Fjöldi tíma opið yngri í klst | 22 | 46 | 64 | 54 |
| Fjöldi tíma opið eldri í klst | 34 | 96 | 100 | 104 |
| Þrif | 0 | 0 | 0 | |
| Undirbúning og( þrif) klst. | 25 | 60 | 50 | 58 |
| Mæting | | | | |
| 5-7 bekkur | 152 | 240 | 250 | 283 |
| 8-10 bekkur | 317 | 943 | 1057 | 799 |
| Ferðir | | | | |
| Stíll | 0 | 0 | 1 | 0 |
| Starfsdagar Samfés | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Landsmót Samfés | 0 | 0 | 0 | 0 |
| NorðurOrg | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Samfestingur | 0 | 1 | 1 | 1 |
| Danskeppni Samfés | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Annað starf | | | | |
| Húnaklúbbur klst. | 30 | 40 | 40 | 25 |
| Starf eldriborgarar klst. | 20 | 0 | 0 | 0 |
| Afmælisveislur | 35 | 25 | 30 | 16 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jóga | 10 | 15 | 20 | 20 |
| Leikskóli | 0 | 0 | 0 | 15 |
| Rafíþróttir á vegum skólans klst. | 0 | 32 | 40 | 0 |
| Vinnuskólinn klst. | 11 | 9 | 10 | 4 |
| Önnur útleiga klst. | 0 | 12 | 8 | 6 |

# Þriggja ára áætlun

**2025**

- Skilvirkari þjálfun og eflingu á starfsmönnun með því að gefa þeim tækifæri að efla sig í starfi og fá svigrúm að mæta á alla starfsmanna viðburði sem Samfés biður upp á. Kostnaðaráætlun fyrir slíkum ferðum er þó nokkur en mun skila sér margfalt til baka í öflugum og metnaðarfullum starfsmönnum.
- Halda áfram að skoða leiðir til að auka nýtingu á húsnæði og/eða samþættingu með annarri starfsemi.
- Efla miðstigið.
- Hvetja starfsmenn að sækja þjálfunarnámskeið á vegum Erasmus+.
- Hugmyndavinna um áframhaldandi starfssemi Órion í samráði við unglingana.
- Endurnýja þythokkýborð.
- Ráða inn í ræstingar einu sinni í viku á meðan starfsemin er í gangi.

**2026**

- Endurskoða húsnæðismál fyrir Órion.
- Skipta um gólfefni og mála.

**2027**

- Áframhaldandi mótun á góðri félagsmiðstöð í takt við fyrirliggjandi breytingar

________________________________________

Tanja Ennigarð
Íþrótta-og tómstundafulltrúi
Húnaþingi vestra 06.09.2024